



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV)

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar föstudaginn 26. janúar, 2007 kl. 12:00 að Hnjúkabyggð 33.

Varaformaður nefndarinnar Þorgils Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritar fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Bréf frá Lögfræðistofu Inga Tryggvasonar, vegna Aðalgötu 3a og 3b, Blönduósi.

Afgreiðsla:

Formaður gerði grein fyrir bréfi lögmannsins dagsettu 10. janúar 2007 og ítrekun 23. janúar 2007. Einnig var kynnt afrit af bréfi frá lögmanninum til Búrfjalla ehf. dags. 23. janúar, 2007 um sama málefni. Enn fremur var kynnt bréf bæjarstjóra, Huldu Ragnheiðar Árnadóttur, til Lögfræðistofu Inga Tryggvasonar ehf. dags. 22. janúar 2007.

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

Lóðamál Aðalgötu 3a og 3b

“Ekki hefur verið brugðist við ákvörðun Skipulags- byggingar- og veitunefnd frá 5. desember 2006 um að aðilar komi sér saman um að ekkert hindri aðgang björgunaraðila að báðum húsum. Því mælir nefndin svo fyrir að þinglýst verði kvöð í viðauka við lóðasamning Aðalgötu 3a um rétt eiganda Aðalgötu 3b til eðlilegrar umgengni um þann hluta lóðar sem er þétt upp við hús hans auk þess sem lóðasamningi fyrir 3b verði þinglýst með sömu ákvæðum innan tveggja vikna frá staðfestingu bæjarstjórnar á fundargerð þessari.

Skipulags- bygginga- og veitunefnd samþykkir að eiganda Aðalgötu 3a verði gert skylt að fjarlægja allt sem kann að hindra aðgengi björgunaraðila og eðlilega umgengni íbúa Aðalgötu 3b um sund á milli Aðalgötu 3a og b. Eigandi skal bregðast við innan viku frá dagsetningu bréfs þar um.” Tillaga samþ. með 3 atkvæðum samhljóða.

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

Utanhússframkvæmdir Aðalgötu 3b

“Skv. 5. mgr. 56. greinar Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal eigandi Aðalgötu 3b fjarlægja timburklæðningu af húsinu þar sem hún hefur ekki fengið leyfi bygginga- og skipulagsyfirvalda og stenst ekki kröfur um brunavarnir, þ.e. óbrennanlegt efni í flokki 1 samkv. gr. 75.5 í reglugerð no. 441/1998.

Frestur til að framfylgja þessum fyrirmælum eru 2 vikur frá því að lögræðingur sveitarfélagsins sendir bréf þar um.

Eiganda skal gert að uppfylla fyrri kröfur nefndarinnar frá 22. nóvember 2006 um að hann skuli leggja fram aðaluppdrætti er sýni útlitsbreytingar á húsinu áður en málið fær frekari umfjöllun á fundum nefndarinnar.” Tillagan samþ. með 3 samhljóða atkvæðum.

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

Innanhússframkvæmdir Aðalgötu 3b

“Skv. 1. mgr. 56. gr. Skipulags- og byggingarlaga skal eigandi Aðalgötu 3b stöðva framkvæmdir tafarlaust. Áður en framkvæmdir hefjast á ný skal sækja um leyfi fyrir framkvæmdum og leggja fram þau gögn sem lög kveða á um s.s. aðaluppdrætti er sýni breytingar á innra skipulagi.” Tillaga samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.



Svohljóðandi tillaga borin fram.

Umsjón málsins og milliliður vegna þeirra fh. hönd Blönduóssbæjar

“Skipulags- byggingar- og veitunefnd samþykkir að fela lögfræðingi Blönduóssbæjar, Stefáni Ólafssyni að fylgja eftir ákvörðunum nefndarinnar og annast öll samskipti við eigendur Aðalgötu 3a og 3b, önnur en beinar leyfisumsóknir.” Tillagan samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt,

Fundi slitið kl. 12:55

Þorgils Magnússon, varaformaður (sign.)
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi (sign.)
Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)
Sigurður Jóhannesson (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson, ritari (sign.)